

Erindi sem Oddný Eir Ævarsdóttir flutti á blaðamannafundi í Norræna húsinu þar sem hún síðan sat fyrir svörum með Björk Guðmundsdóttur, Evu Joly og Jóni Þórisssyni 13. október 2010.

Í hnotskurn:

Í erindinu er því haldið fram að Magma-málið svokallaða sé lykilmál á sviði íslenskra stjórnámál, spegill anda og andleysis kerfis okkar og laga. Vegna alvarlegra mótsagna í lögunum þurfi að móta orkustefnu í kjölfarið á umræðu um þá stefnu sem við viljum taka en ekki á grundvelli lagakrókanna- og í kjölfarið á slíkri samræðu og stefnumótu þurfi að endurskrifa lögin um íslenskar orkuauðlindir, eignarhald á þeim, nýtingu og verndun. Vísað er til skýrslu um Magmamálið þar sem kemur fram að markvisst hafi verið unnið að því að einkavæða orkuauðlindir landsins án þess að um þá grundvallarbreytingu hafi verið rætt eða þjóðinni leyft að kjósa um hana. Farið er yfir möguleika stjórnvalda til að koma í veg fyrir að Magma-málið verði að fordæmi og reglu. Einnig er vísað til rannsókna sérfræðinga á sviði jarðvarmanýtingar sem segja að jarðvarmaauðlindir á Suðurnesjum nái ekki að endurnýja sig nema nýting þeirra sé skynsamleg. Nú þegar hefur erlendt einkafyrirtæki einkarétt á nýtingu á stóru orkusvæði og á rannsóknum á enn stærra svæði. Við stöndum því frammi fyrir því að missa lögsögu yfir þeim auðlindum sem frá upphafi sjálfstæðis hafa verið þjóðarinnar.

Nefnd um orku- og auðlindamál var skipuð af stjórnvöldum nú í sumar til að meta möguleg úrræði í hinu svokallaða Magmamáli. Hafa menn í því sambandi rætt um anda laganna versus bókstaf þeirra, um pólitískan vilja versus kerfislegt málþóf. Ég ætla að fara örstutt yfir nokkur atriði skýrslu þessarar nefndar til að rifja upp hvar við stöndum í dag. Því þótt greiningin í skýrslunni sé lagaflækjuleg þá er hún að ég tel góður umræðugrundvöllur og áminning. Því skýrslan er ágætist leiðarvísir um lögin en jafnframt áminning um að stefna þjóðarinnar og sýn á nýtingu og verndun orkuauðlinda hennar verði aldrei tekin eingöngu út frá lögunum heldur hljóti jafnframt og kannski fyrst og fremst að grundvallast á almennri umræðu, vilja þjóðarinnar og sýn (sjá t.d. síðu 63). Við stöndum á tímamótum og verðum að spyrja okkur að því hvort við viljum að þær orkuauðlindir sem hafa verið í lögsögu

almennings frá því þjóðin fékk sjálfstæði sitt verði nú að auðlind hlutafjäreiginda.

Þegar skýrslan kom út þann 17. september s.l. á vef Forstætisráðuneytisins, birtust yfirlýsingar í fjölmiðlum frá hagsmunaaðila málsins, forstjóra Magma á Íslandi, þar sem hann sagðist vera ánægður með niðurstöðu nefndarinnar og að nú væri búið að hreinsa loftið af öllum vafa. En hann hefði kannski ekki átt að hrósa happi, því nefndin tók alls ekki af allan vafa í málinu þótt því væri haldið fram. Í skýrslu nefndarinnar má öllu heldur sjá Magmamálið sem spegil á sögu okkar og stöðu í dag: Í þessu máli birtast styrkleikar og veikleikar laga okkar; andi þeirra og andleysi. Og nefndin ítrekar að brýn þörf sé á því annars vegar að leiða málið fyrir dómstóla og hins vegar að efna til ítarlegrar og almennrar umræðu um íslenska orkulöggjöf og stefnu.

Umrædd nefnd var skipuð af stjórnvöldum til að rannsaka lögmæti og aðdraganda sölunnar á Hs Orku til Magma Energy. En nefndinni voru ekki látnar í té neinar rannsóknarheimildir og gat því ekki krafið um áriðandi upplýsingar það fyrirtæki sem leikur lykilhlutverk í þessari einkavæðingu, þ.e. Geysir Green Energy sem seldi Magma Energy hlut sinn í Hs Orku (Og þeim aðila sem hafði verið ætlað það hlutverk að rannsaka einkavæðingarferlið, Sveini Margeirssyni, var vísað úr nefndinni vegna meints vanhæfis).

Eins og komið hefur fram í fréttum komst nefndin að því að um lagasniðgöngu hafi verið að ræða þegar hið kanadíska fyrirtæki Magma Energy stofnaði skúffufyrirtæki í Svíþjóð til að komast hjá ákvæðum íslenskra laga sem banna aðilum fyrir utan EES-svæðið að fjárfesta í orkugeiranum á Íslandi. Hvort sú lagasniðganga er lögleg telur nefndin vera álitamál samkvæmt núverandi lögum og að ekki verði úr því skorið nema fyrir dómstólum.

Meðal úrræða sem nefndin bendir stjórnvöldum á -vilji þau koma í veg fyrir söluna- er svokölluð *afturköllun* með tilvísun til einhvers sem heitir því fallega nafni *raunveruleikaregla* sem vísar til heildarhagsmuna þjóðarinnar.

Einnig væri mögulegt að taka fyrirtækið eignarnámi og vísa þá m.a. til óskráðrar meginreglu laganna til réttlætningar, en sú regla byggir á því sjónarmiði *“að í einstaka tilvikum geti mál þróast með þeim hætti að ákvörðun sem tekin hefur verið reynist svo óheppileg að það verði að vera mögulegt að taka hana aftur jafnvel þótt ekki sé sérstaklega kveðið á um það í lögum.”* Einnig er rakið hvernig hægt væri að fá undantekningar sem Íslendingar hafa enn ekki nýtt sér sem meðlimir á Evrópska efnahagssvæðinu. Sérfræðingur á sviði Evrópuréttar, Elvira Mendez hefur ítrekað bent á möguleika Íslendinga til að skilgreina stöðu sína í Evrópu án þess að tapa forræði yfir auðlindum sínum.

Öll þessi mögulegu úrræði eru háð fjölmörgum og flóknum skilyrðum. En meginrökin fyrir því að grípa til slíkra úrræða eru þó nokkuð einföld, ef ég leyfi mér að túlka þessi flóknu lög: *Hugsanleg skaðabótamál og lagabreytingar kosta þjóðina líklega lítið í samanburði við hið gríðarlega tap sem þjóðin verður fyrir ef viðskiptin ganga í gegn. Sú arðsemi sem felst í erlendri fjárfestingu og atvinnuþbyggingu vegna sölunnar er líklega lítil í samanburði við þá almannahagsmuni sem í húfi eru.*

Hér vísa ég til mikilvægis heildræns mats á áhrifum kaupanna á íslenskt atvinnu- og efnahagslíf og á íslenska menningu og náttúru. Nefndin telur nauðsynlegt að slíkt mat fari fram þar sem vegnir eru saman þeir hagsmunir sem í húfi eru -en tekur fram að sér hafi ekki verið ætlað að gera slíkt mat. Þó koma fram í skýrslunni hugsanleg neikvæð áhrif sem viðskipti í anda Magma-málsins gætu haft á land og þjóð; ef m.a. lagasniðgangan verður að reglu en ekki undantekningu. Til dæmis er minnt á þá sögulegu staðreynd að *“þegar yfirráð yfir náttúrulegum auðlindum flyst úr landi færast umtalsvert efnahagslegt vald úr landi og með því pólitískt vald. Á sama tíma minnka möguleikar samfélagsins til að hafa hemil á misskiptingu þess auðs sem verður til í samfélaginu.”*

Í skýrslunni er farið yfir sögu íslenskrar löggjafar á sviði orkumála og sýnt fram á það hvernig farsæld samfélagsins og fullveldi landsins hefur ævinlega tengst mjög náið yfirráðum þjóðarinnar yfir orkuauðlindunum. Löggin hafi í rúma öld verið betrumbætt og menn vandað sig við að skilgreina hverjir eiga réttinn til að nýta og njóta íslenskra orkuauðlinda. Síðan má lesa

út úr skýrslunni að á síðasta áratug síðustu aldar hafi verið gerðar misklúðurslegar breytingar á lögnum vegna inngöngu í Ees en þær breytingar má í raun ekki einu sinni skilja út frá skilyrðum Evrópusamstarfsins. Á árunum 2003-2007 virðist síðan sem markvisst hafi verið unnið að því að breyta lögnum svo þau megi réttlæta einkavæðingu íslenskra orkuauðlinda en án þess að réttlæting þeirra lagabreytinga sé lögð fyrir þjóðina til álits. Einnig má sjá hvernig lögnum hefur verið breytt svo að réttur einkafyrirtækja á nýtingu á orkuauðlindum sé ekki lengur gefinn af Alþingi heldur eingöngu af einstökum ráðherrum á þessu tímabili.

Hápunktur lagabreytinganna virðist mér vera þegar fyrirtækinu Geysir Green Energy er gert það kleift að kaupa hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja árið 2007. Hér virðast manni sem sem lögin hafi verið sniðin utan um einmitt það fyrirtæki. Og þar sem fyrirtækið virðist vera tengt spillingaröflum í alla ættliði er von að maður spyrji sig hvað hafi orðið um anda laganna og almannahaginn? Ef hægt er að nota lögin til að réttlæta slíka sniðgöngu við almenningshag, verður þá ekki að blása í þau nýju lífi?

Í skýrslunni er farið yfir nokkrar tilraunir, eftir hrunið, til að bæta lögin, setja inn ákvæði til verndar almannahag og til varnar auðlindunum sjálfum. Þó virðist mér sem við höfum ekki enn gert upp við þessa mikla stefnubreytingu sem varð á þessum fyrsta áratug aldarinnar; að við höfum ekki verið upplýst um þessa duldu en opinberu orkustefnu sem aldrei var kosið um, sem aldrei var markvisst rætt um þar sem öll sjónarmið tekin inn í myndina. Lögin hafa aldrei verið endurhugsuð í heild. Þau eru svo ósamstæð og full af mótsögnum að jafn erfitt eða auðvelt virðist vera að nota þau til að réttlæta söluna á hs orku til einkaaðila eins og að nota þau til að koma í veg fyrir hana. Lögin eru ein og sér gagnslaus til réttlætningar á þeirri stefnu sem tekin er um orkuauðlindirnar.

Benedikt Erlingsson leiddi samræður um skýrsluna á opnum umræðufundi í háskólanum um daginn og hann las sig í gegnum lögin og spurði nefndarmenn hvort þetta væri eins og að fara í sund og á klefanum stæði : aðgangur eingöngu fyrir konur en á miða fyrir neðan stæði: einnig

fyrir karlmenn –og síðan kæmi í ljós að raunar mættu allir fara í klefann væru þeir á sérstökum skóm, til dæmis sænskum sandölum...

Einn nefndarmanna, Aagot Óskardóttir, lögfræðingur, velti því fyrir sér á þessum sama fundi hvers vegna Íslendingar hefðu ekki nýtt sér undanþágur sem smáþjóðum væru veittar í evrópusamstarfinu og líka því hvort ekki þyrfti að koma inn í stjórnarskrána ákvæði um nýtingu verndun orkuauðlindanna. Eins og Bjarni frá Voggi sagði fyrir hundrað árum: því fullveldi þjóðarinnar er í húfi.

Stefán Arnórsson jarðfræðingur sagði í sömu umræðu að sér þætti það afar einkennilegt að þessi þjóð hefði af því er virtist í hyggju að gerast nýlenda á nýjan leik. Hann rifjaði upp að nýlendusaga heimsins snerist um auðlindir og að þar væri ekki háfleygt siðferði viðhaft. Ekki frekar en þegar ákveðið er að hámarka orkunýtingu yfir ákveðið tímabil með tilliti til sérhugsmuna, í stað þess að taka siðferðislega afstöðu með landi og þjóð.

Stefán vildi minna á þá staðreynd, eftir áralangar rannsóknir hans og annarra jarðfræðinga, að orkan sem nú gengur kaupum og sölum sé því miður ekki eins endurnýjanleg og endalaus og menn gera ráð fyrir og að hún geti hæglega klárast á um fimmtíu árum ef nýtingaráformin eru ekki endurskoðuð. Því að þær orkulindir endurnýja sig ekki nema á um þúsund árum.

Í skýslunni segir: *“Umfang orkuiðnaðarins á Íslandi er slíkt að hann getur hæglega þróast yfir í að vera íslenskum fyrirtækjum og ríkisvaldi ofviða með svipuðum hætti og íslenska bankakerfið óx íslensku samfélagi yfir höfuð”* (s. 61).

Það er verulega hvetjandi og styrkjandi að hin lýðræðisunnandi Eva Joly skuli taka undir áskorun Bjarkar og 20 þúsund Íslendinga um þjóðaratkvæðagreiðslu og endurskoðun á kaupsamningi Magma og Hs orku og einkavæðingu orkuauðlindanna á orkuauðlindir.is. Samkvæmt íslenskri stjórnлагаhefð geta stjórnvöld ekki sniðgengið áskorun hafi 15 prósent þjóðarinnar skrifað undir hana. Er hægt að vonast til að farið verði ofan í saumana á orkustefnu Íslands á opinn hátt og með öll gögn uppi í bordum þegar um 35.000 hafa skrifað undir áskorunina?

